

Reglur um sérkennslubjónustu í leikskólum Árborgar

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu er starfsmaður Fræðslu og menningasviðs, leikskóladeildar. Næsti yfirmaður leikskólaráðgjafa v/sérkennslu er leikskólafulltrúi.

Markmið: Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 78/1994, 15. gr segir: “ Börn á leikskólaaldri, sem vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika þurfa sérstaka aðstoð og þjálfun, eiga rétt á henni innan leikskólans undir handleiðslu sérfræðinga.”

Sérkennsla í leikskólum á að tryggja að börn með þroskaraskanir og aðrar sérþarfir fái notið leikskóladvalar sinnar. Leikskólasérkennarar sjá um framkvæmd kennslunnar.

Hlutverk: Sérkennslubjónustunni er ætlað að veita starfsmönnum leikskóla ráðgjöf, vegna náms og leiks barna og skapa aðstöðu til að þau geti þroskast sem best í leikskóla. Einnig að veita foreldrum ráðgjöf eftir því sem við á. Sumum börnum þarf að vísa annað til frekari greiningar eða meðferðar.

Þjónusta: Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu veitir starfsfólki leikskólanna ráðgjöf varðandi sérkennslubörn, eftir að beiðni hefur borist, undirrituð af foreldri og leikskólastjóra. Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu hlutast til um greiningu og fylgir henni eftir og er í nánú samstarfi við foreldra og leikskóla, og starfar í samvinnu við sérfræðinga Skólaskrifstofu Suðurlands, Heilsugæslu Selfoss og Svæðisskrifstofu Suðurlands og aðra greiningaaðila.

Leikskólasérkennari /umsjón með sérkennslu ber ábyrgð á skipulagningu, framkvæmd og endurmati sérkennslunnar, ásamt leikskólaskólastjóra.

Einnig hefur hann náð samstarf við foreldra og leikskólaráðgjafa vegna sérkennslu.

Viðurkenndir greiningaraðilar eru:

Barna- og unglingageðdeild Landspítala
barnalæknir

Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins

Heyrnar- og talmeínastöð Íslands

iðjubjálfi,

Miðstöð heilsuverndar barna,

sjúkrahjálfi,

sálfræðingur,

Sjónstöð Íslands

talmeinafræðingur,

og/eða aðrir sem hafa löggildingu til þess.

Flokkun sérkennslu:

Börn eiga rétt á ákveðnum fjölda sérkennslustunda í samræmi við þroskaraskanir þeirra og/eða önnur frávík. Sérkennslustundir skulu metnar fyrir hvert barn og fara inn í viðkomandi leikskóla.

Eftirfarandi flokkun er lögð til grundvallar við úthlutun sérkennslustunda, miðað við heilsdagsdvöl.

Börn í flokki 1: 4 - 8 stundir

Börn í flokki 2: 2 – 3 stundir

Börn í flokki 3: 1 – 2 stundir.

Börn í flokki 4: 1 – 3 stundir.

Börn í flokki 5: 1 – 3 stundir

Flokkur 1:

Börn sem þurfa á verulegri aðstoð að halda í daglegu lífi vegna t.a.m. fjölfötlunar, alvarlegrar þroskaröskunar, verulegrar hreyfihömlunar (hjólastóll, hækjur), verulegrar tengslaskerðingar (einhverfu), blindu, heyrnaleyfis eða alvarlegrar málhömlunar.

Flokkur 2:

Börn sem þurfa reglulega á aðstoð að halda vegna t.a.m. miðlungs þroskaröskunar, hreyfihömlunar, verulegrar sjón- eða heyrnarskerðingar, vægrar tengslaskerðingar eða greindarskerðingar. Einnig alvarlega langtímaveik börn sem þurfa verulega umönnun. Ýmis heilkenni s.s. Down Syndrom, Asperger.

Flokkur 3:

Börn sem þurfa töluverða aðstoð eða örvun vegna t.a.m. vægrar þroskaröskunar, s.s. sjónskerðingar, heyrnarskerðingar, hreyfihömlunar.

Langveik börn sem þurfa sértæka aðgæslu t.d. dreyrasjúk, flogaveik.

Börn með tilfinningalega og félagslega erfiðleika eða málhömlun, alvarlegan athyglisbrest, einbeitingarskort, hvatvísi eða ofvirkni.

Flokkur 4:

Börn sem þurfa tímabundið á verulegri aðstoð að halda vegna t.a.m. félags- og tilfinningarlegra erfiðleika, fjölskylduvandamála eða tvítýngis.

Flokkur 5:

Tímabundin aðstoð í leikskóla vegna fárra faglærðra starfsmanna, mjög erfiðrar samsetningar barnahóps á deild eða fjölda barna sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda s.s vegna erfiðleika varðandi tal/mál, hreyfinga eða hegðunar.

Úthlutun sérkennslustunda vegna barna í flokki 5 eru gerðar í samráði við leikskólafulltrúa.

Úthlutun sérkennslustunda:

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu í samráði við leikskólafulltrúa úthlutar stundum í sérkennslu, fyrir hvert skólaár í samræmi við starfsreglur. Leikskólaráðgjafi í samráði við leikskólastjóra endurmetur þörfina, á þegar úthlutuðum stundum.

Þar sem leikskólasérkennari með umsjón starfar falla að jafnaði niður tímar vegna barna í 3 flokki, er það metið í hverju tilfalli. Heimilt er að meta barngildi viðkomandi barns sem þarf sérkennslu, allt að helmingi hærra en aldur þess segir til um, í stað þess að ráða starfsmann til sérkennslu.

Í sérstökum tilvikum, þegar barn þarf stöðuga aðgæslu meirihluta dvalartíma síns, getur sérkennsluráðgjafi í samráði við leikskólafulltrúa úthlutað barni fleiri sérkennslustundum en flokkunarröð segir til um.

Upplýsingar og meðferð gagna: Gögn um sérkennslubörn eru meðhöndluð sem trúnaðarmál og ber að varðveita í læstum hirslum.

Með flutning á milli skólastiga og/eða sveitarfélaga þarf skriflegt leyfi foreldra fyrir afhendingu gagna. Það sama á við um aðra samstarfsaðila.

Leikskólaráðgjafi v/sérkennslu, í samráði við leikskólafulltrúa, úthlutar sérkennslutímum á grundvelli greiningar á þroskahömlun barns.

Unnið með hliðsjón af lögum um leikskóla Nr. 78/1994, lögum um málefni fatlaðra nr.59/1992, lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og starfslýsingum Félags leikskólakennara og launanefndar sveitafélaga.

Samþykkt á fundi í Bæjarráði 10. janúar 2002